

**Sjöundi fundur stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga
starfstímabilið 2022 – 2023**

Miðvikudaginn 25. janúar 2023 kl. 09:00 (Teams)

Mættar: Guðbjörg Pálsdóttir, Halla Eiríksdóttir, Guðlaug Ásta Gunnarsdóttir, Anna Kristín B. Jóhannesdóttir, Guðrún Yrsa Ómarsdóttir, Hildur Björk Sigurðardóttir, og Hulda Björg Óladóttir.

Boðuð forföll:

Gestir: Edda Dröfn Daníelsdóttir sviðsstjóri fagsviðs, Eva Hjörtína Ólafsdóttir kjararáðgjafi og Ólöf Jóna Tryggvadóttir sérfræðingur í kjaramálum.

Til afgreiðslu:

1. Fundargerð sjötta fundar stjórnar Fíh

Afgreiðsla: Samþykkt.

Til umræðu:

2. Málafni á vegum fagsviðs.

Sviðsstjóri fagsviðs kynnti undirbúning ráðstefnu *Hjúkrun 2023*, sem verður dagana 28. og 29. september. Einnig var farið yfir undirbúning aðalfundar Fíh sem verður 12 maí næstkomandi.

Afgreiðsla: Umræður.

3. Staðan í kjaramálum

Starfsfólk kjar- og réttindasviðs fyrir stjórn stöðuna í kjaramálum, megináherslur Fíh í komandi kjarasamningum og fyrirhugaða hringferð um landið sem fundað verður með hjúkrunarfræðingum og staðan í kjaramálum rædd. Einnig sagt frá trúnaðarmannanámskeiði sem haldið var 24. janúar.

Afgreiðsla: Umræður.

4. Gerð aðgerðaráætlunar við stefnu Fíh í hjúkrunar- og heilbrigðismálum til 2030

Farið yfir tillögu að aðgerðaráætlun Fíh sem stjórnarmeðlimir hafa verið að vinna í.

Afgreiðsla: Umræður. Ákveðið að formaður og varaformaður taka næstu skref í aðgerðaráætluninni. Áframhaldandi umræður á næsta fundi.

5. Gæðaskjal fyrir undirbúning ráðstefnu á vegum Fíh

Afgreiðsla: Umræður. Ákveðið að stjórn fari betur yfir skjalið og afgreiði það á milli funda.

Önnur mál:

6. Stormur, forsýning 26. janúar

Stjórn Fíh er boðið á forsýningu heimildarþáttanna *Stormur* 26. janúar. Þessi þáttaröð mun gefa ákveðna innsýn inn í störf hjúkrunarfræðinga á tímum heimsfaraldurs.

Afgreiðsla: Umræður. Stjórnarmeðlimir þakka boðið og munu sem flestir mæta.

7. Samningatækni 2. febrúar 2023

Samningatækninámskeið verður haldið þann 2. febrúar fyrir stjórn Fíh, trúnaðarmannaráð og samninganefnd Fíh.

Afgreiðsla: Umræður. Nauðsynlegt að stjórn Fíh og trúnaðarmannaráð nýti sér námskeiðið til að geta betur staðið á bakvið samninganefnd Fíh í komandi samningum.

8. Fjárhagsáætlun

Samkvæmt síðasta stjórnarfundum ætluðu formaður, varaformaður og gjaldkeri stjórnar að klára fjárhagsáætlun 2023 ásamt fjármálastjóra.

Afgreiðsla: Umræður. Þeirri vinnu er ekki lokið og farið verður yfir fjárhagsáætlunin á næsta stjórnarfundum.

9. Nýjar úthlutunarreglur Starfsmenntunarsjóðs

Stjórn starfsmenntunarsjóðs hefur útbúið nýjar úthlutunarreglur og óskar eftir fyrirtöku stjórnar Fíh.

Afgreiðsla: Nýjar úthlutunarreglur starfsmenntunarsjóðs samþykktar.

10. Hvatningastyrkir.

Ræddar nýjar hugmyndir varðandi hvatningastyrki stjórnar Fíh á aðalfundi.

Afgreiðsla: Umræður. Samþykkt að farið verði nánar í vinnu varðandi breytingu á hvatningastyrkjum.

11. Styrkveitingu vegna 50 ára útskriftarafmælis G-holls þann 10. mars 2023.

Stjórn barst erindi frá hjúkrunarfræðingum vegna 50 ára útskriftarafmælis og óskað er eftir 70.000 kr. styrk.

Afgreiðsla: Umræður. Erindinu hafnað.

12. Endurgerð vefsíðu Fíh.

Umræður hafa verið um endurgerð vefsíðu Fíh. Minnisblað frá kynningarstjóra og sérfræðing í kjaramálum lagt fyrir vegna þessa ásamt frekari gögnum.

Afgreiðsla: Umræður. Stjórn ákveður að samþykkja tilboð frá Hugsmiðjunni. Áætlað að ný vefsíða verði kynnt á aðalfundi 12. maí 2023.

Stjórnarfundum slitið kl 12.00

Næsti fundur stjórnar er áætlaður 22 febrúar 2023.

Guðrún Yrsa Ómarsdóttir, ritari Fíh